

Háifoss

og
jarðfræði Íslands.

—o—

I.

Í myndablaði því sem sagt er að allraviðast muni koma — Illustrated London News — var fyrir nokkrum mánuðum, ein síða helguð myndum af íslenskum fossum. Háifoss var þar ekki, og er svo víðar, þar sem sýndar eru myndir af því á Íslandi sem helst þykir þess vert; t. d. má nefna bók Gunnars Gunnarssonar, Sagaöen. Má af slíku ráða, að foss þessi sé ekki eins frægur og vert væri. Því að Háifoss á skilið að vera frægastur þeirra fossa sem hér á landi eru. Virðist mér enginn sá foss sem eg hefi séð, vera nálægt því að komast til jafns við hann. Og í hvert skifti sem eg hefi að honum komið, hefir mér virst hann langtum svipmeiri en mig minti hann væri. Og ekki spillir það til, hversu fossbergið umhverfis er mikilfenglegt og stórfróðlegt. Utan við fossinn er jarðfall eða bergfall stórkostlegt og hefir þar brotnað niður hamrabrún hálandisins. Ekki man eg nú að nefna hversu viðáttumikið jarðfall þetta er, en hitt man eg vel, hversu langt og erfitt mér fanst

það yfirferðar er eg var þar með vinum mínum Illiðarbræðrum, Páli og Guðmundi, sem voru að sýna mér fossinn, Jarðfall þetta heitir Hraunið, og er það nafn fornt, því að hraun í nútímamerkingu þess orðs, er þarna ekki. Í ritgerð sem eg skrifaði um þetta og kom 1895 í tímariti sem hét Naturen og Mennesket og nú er löngu undir lok liðið, er jarðfall þetta nefnt Hrunið, af mis-skilningi nokkrum, og væri þó réttnefni ef á myndunarsöguna er litið. Hraunið er síðasta viðbótin af því tagi við Suðurlandsundirlendið, og má þar sjá afleiðingarnar af nokkuð stórkostlegum jarðskjálfta. Menjar jarðskjálftanna miklu og illræmdu sem urðu haustið 1896, má einnig sjá þarna, því að þá hrundu niður björg þau sem spilla hylnum undir fossinum. Er fróðlegt að bera þau verksammerki saman við Hraunið. Hafi munurinn á jarðhræringunum verið að því skapi, sem ekki er ólíklegt, mun jarðskjálftinn, sem fyrir 2—3000 árum saxaði á hálandisbrúnina svo að Hraunið varð til, hafa

Ólafur 5 des 1935

verið ærið stórfeldur, og vafasamt hvort nokkurt hús á Íslandi mundi uppi standa, ef slikur kæmi aftur.

Brotabrúnir hálandisins, slíkar sem koma svo fagurlega fram þarna við Þjórsárdalinn, þóttu áður, og alt þangað til um aldamótin síðustu, næsta verðlitlar frá jarðfræðilegu sjónarmiði. En þær hafa þó raunar stórfróðlega sögu að segja, þegar menn læra að þekkja og greina sundur bergtegundirnar, þrátt fyrir þær miklu breytingar af jarðhita og öðru, sem gert höfðu þær svo torkennilegar, að jafnvel hinir færustu jarðfræðingar höfðu skoðað þær, hver eftir annan, án þess að skilja nokkuð í þeim.

II.

Allir sem kynnast vilja íslenskri náttúru þurfa að skoða Háafoss, og býst eg við, að fáir muni þeir verða, sem ekki langar til að sjá hann oftar en einu sinni. Og Eimskipafélagið ætti að styðja að frægð fossins háva með því að láta næsta skip sitt heita hans nafni. Vildi eg þess óska, að það skip yrði svo

merkilegt, að ekki bæri síður af öðrum skipum félagsins en Háifoss af öðrum fossum landsins. Segi einhver, að ekki séu nú tímar til að tala um slíkt, þá er þar til að svara, að þeir tímar gætu auðveldlega orðið. Breyttir tímar eiga fyrst og fremst rót sína í bættu hugarfari, aukinni þekkingu — þegar til batnaðar er. Hér á Íslandi hefir, þrátt fyrir allan vornæðing, vaxið upp visir nýrrar þekkingar og þó í fullu samræmi við það sem hefir hér áður orðið og aldrei kulnað með öllu út. Enginn getur um það efast, að svo hefir farið sem eg sagði fyrir löngu, að óheillavænlegt mundi reynast að gefa þessu engan gaum. Geri menn nú á hinn veginn og munu þá ekki heldur bregðast afleiðingarnar. Farsælda Frón mun Ísland fljótt verða, þegar þjóðin fer að átta sig á sjálfri sér og hlutverki sínu. Og full þörf mun verða góðra skipa til að flytja hingað alla þá sem landið vilja gista þegar Baldur verður aftur kominn, eins og skáldið (William Morris) kvað.

4. des.

Helgi Pjeturss.